



Framkvæmdastjórn Sósíalistasflokks Íslands: Fundargerð 11. desember 2017

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands, haldinn 11. desember í Hlutverkasetri. Fundur hófst kl. 19:00. Mætt voru Gunnar Smári Egilsson, Margrét Pétursdóttir, Valdimar Andersen Arnþórsson og Viðar Þorsteinsson. Ása Jóhanns, Birna Eik og Laufey Ólafsdóttir afboðuðu sig. Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (4. desember) telst samþykkt.

2 · Endurreisn verkalýðshreyfingarinnar

Farið var yfir stöðuna varðandi ýmsa tengsla- og hópamyndun sem er í gangi varðandi virkni félagsmanna í verkalýðsfélögum. Búið er að stofna hópa á Facebook, og rætt um að senda fólki einkaskilaboð. Gott sé að ná slíkum kontakt, og þjóni tilgangi jafnvel þótt fólk gefi ekki kost á sér í starf. Rætt óformlega ýmsar leiðir til að mjaka þessum málum áfram.

3 · Heimasíðan

Ása fór yfir stöðuna á vefmálunum. Hún og Andri ætla að hittast næst þegar hann kemur til landsins og munu þau þá fara yfir á hverju sé best að byrja o.s.frv.; Ása gefur nánari skýrslu á næsta fundi.

4 · Skipurit og skipulag flokksins

Gunnar Smári og Viðar gerðu grein fyrir vinnu varðandi að útfæra skipulag og skipurit flokksins, sem fært verði í lög á Sósíalistasþingi. Meðal spurninga sem þarf að taka afstöðu til er hvar innan

skipurits eigi að staðsetja ýmis meginverkefni, t.d. verkalýðsmál og hvar eigi að staðsetja kjörna fulltrúa verði þeim til að dreifa. Flokkurinn verði að geta bakkað upp slíka fulltrúa og gæta þess að þrengja ekki að þeim um of, um leið og eitthvert form verður á því hvernig ábyrgð þeirra gagnvart flokknum skilgreinist og að tengsl þeirra við félagsmenn séu sem virkust. Gunnari Smára og Viðari falið að vinna áfram drög að þessum tillögum.

5 · Sósíalistapíngið

Farið var yfir stöðuna á undirbúningi Sósíalistapíngs. Valdimar lagði fram tillögu að málstofu, um hagræna mælikvarða.

Farið var yfir eftirtalda liði sem munu verða á dagskránni:

- Aðalfundarstörf

- lög (þ.m.t. skipulag)
- stjórnarkjör
- reikningar (Laufey)
- skýrsla stjórnar (Viðar)

- Málefnavinna

- kynning/dreifing stefnudraga frá málefnaþópum
- samþykkt stefnu

- Pólitísk dagskrá

- Fyrirlestrar
- Vinnustofur

- Skemmtidagskrá

Gunnar Smári lagði fram þá tillögu að afgreiða málefnavinnu í minni þópum samtímis og bjóða þannig upp á dýpri umræðu um niðurstöður hvers hóps. Atkvæðagreiðsla þar sem stefna verði samþykkt muni þá reiða sig á að þeir sem ekki gátu verið viðstaddir kynningu tiltekins hóps hafi fengið að skoða stefnuna á prenti og það dugi þeim til að taka afstöðu til hennar.

Fundi var slitið um klukkan 20:00 þegar dagskrá með Stefáni Ólafssyni hófst.